

Um Grunnskólann á Þingeyri

Skólastarf hófst á Þingeyri árið 1897. Þeirra tímamóta var sérstaklega minnst árið 2007 þegar skólinn fagnaði á 110 ára afmæli. Fyrsta skólahúsið var reist 1896, Wendelshús, byggt af Hermanní Wendel kaupmanni. Árið eftir hófst síðan reglulegt skólahald í húsinu, en það voru foreldrar barna á Þingeyri sem stóðu fyrir skólahaldinu. Það var svo árið 1908 sem byggt var skólahús sem er elsti hluti af núverandi skólahúsi. Síðan hefur verið byggt við það í tvígang, fyrst Þinghúsið og síðan steinsteypt bygging árið 1979 – 1980 sem er meginbygging skólans í dag. Árið 1910 voru 44 nemendur í Barnaskólanum á Þingeyri sem er sami nemendafjöldi og var í skólanum vorið 2010, eða 100 áum seinna. Flestir voru nemendur skólans árið 1993 - '94, þeir voru þá 101. Í báðum tilvikum var sérstakt skólahald á Núpi fyrir nemendur í Mýrahreppi, sem nú sækja skóla á Þingeyri.

Grunnskólinn á Þingeyri er einn fjögurra grunnskóla Ísafjarðarbæjar. Skólinn stendur við Fjarðargötu og þar fer starfsemin að mestu fram. Íþróttakennsla og sundkennsla fer fram í Íþróttamiðstöðinni á Þingeyri á Oddanum sem er í um það bil 5 – 600 metra fjarlægð frá skólanum. Skólabíll ekur þeim nemendum sem eiga um langan veg að fara í skólann, lengst að Núpi.

Nemendafjöldi í skólanum við upphaf skólaárs 2012 – 2013 eru 38. Nemendum hefur fækkað jafnt og þétt síðustu árin.

Hornsteinar skólastarfsins eru : **Umhverfi – Hreysti – Metnaður**

Hornsteinarnir vísa til þess að :

- ✓ Að nemendur beri virðingu fyrir umhverfi sínu
- ✓ Að hreysti vísar bæði til andlegs og líkamslegs heilbrigðis
- ✓ Að metnaður vísar til þeirrar sómatilfinningu sem að allir sem að skólastarfinu koma ættu að finna fyrir

Grunnskólinn á Þingeyri starfar samkvæmt lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla, reglugerðum um starfsemi grunnskóla og skólastefnu Ísafjarðarbæjar.